

Laugaból

Frá Hagahrygg, er svo heitir, sést fyrst til bæjar á Laugabóli þegar komið er utan að¹ og svolítið innar opnast sýn um allan Mosdal. Upp af Hagahryggnum eru hátt í fjallinu djúpar gjár og heita þær Hrafnssonagjótur. Sagt er að þangað hafi synir Hrafn Sveinbjarnarsonar á Eyri flúið árið 1213 er faðir þeirra hafði verið tekinn af lífi.²

Í Mosdal er meira undirlendi en annars staðar í Auðkúluhreppi enda voru hér löngum fimm bújarðir og er Laugaból yst. Dalurinn er víðast hvar þrír til fjórir kílómetrar, hlíða á milli, en mælt frá fjöru til fjalls er gróið undirlendi einn og hálfur til tveir kílómetrar. Séra Sigurður Jónsson segir í sóknarlýsingu sinni frá árinu 1839 að Mosdalur sé „nokkurs konar stór hvilft upp í fjallaklasann“³ og eiga þau orð enn vel við. Í Gísla sögu Súrssonar eru Bjartmarssynir, móðurbræður Auðar Vésteinsdóttur, konu Gísla, sagðir hafa búið í Mosdal og til þeirra sendi hún syni Vésteins, bróður síns, unga drengi er hefnt höfðu föður síns á Þorskafjarðarþingi.⁴ Á fyrri öldum var mikið skóglendi í dalnum og hér leyndust Hrafnssynir frá Eyri í skógum er Þorvaldur Vatnsfirðingur hugðist ná fundi þeirra haustið 1224.⁵ Hann var þá nýlega kvæntur Þórdísi, dóttur Snorra Sturlusonar, og sýndist voldugri en nokkru sinni fyrr. Fjórum árum síðar náðu bræðurnir frá Eyri að brenna þennan föðurbana sinn inni á Gillastöðum í Reykhólasveit.⁶

Hlíðin utan við Laugaból heitir Laugabólshlíð⁷ en bærinn dregur nafn af heitri laug sem er utan við túnið. Sumarið 1887 mældist vatnið í henni 39 gráður á Celsíus.⁸ Á árunum kringum 1930 var gerð hér sundlaug með torfveggjum en áður höfðu menn lítil not af heita vatninu.⁹ Bærinn á Laugabóli stóð í um það bil 300 metra fjarlægð frá sjó og hér var búið allt til ársins 1998.¹⁰

Að fornu mati var Laugaból 18 hundraða jörð.¹¹ Í byrjun 18. aldar var beitilandið talið lélegt og engjaheyskapur torsóttur í slitróttu mýrlendi.¹² Hér er oft mikið vetrarríki og í norðvestanátt urðu stundum skaðar af

¹ HO 1960, 148–149 (Ársrit S.Í.). Sbr. ÖÖ.

² ÞN 1951, 162 (Árbók F.Í.).

³ Sóknalýs. Vestfj. II, 17.

⁴ Ísl. fornrit VI, 92–93.

⁵ Sturl. II, 129.

⁶ Sama heimild, bls. 159–161.

⁷ ÞN 1951, 162.

⁸ ÞTh 1959 II, 129.

⁹ ÞN 1951, 162. ÁgSig KÓ 3.9.1997. Sbr. Sóknalýs. Vestfj. II, 17.

¹⁰ Firðir og fólk 1900-1999, 109.

¹¹ Jb. Á. og P. VII, 4–5.

¹² Sama heimild.

völdum veðurs.¹³

Um 1440 átti Guðmundur ríki Arason á Reykhólum fjórar jarðir hér í Mosdal, Laugaból, Horn, Skóga og Kirkjuból.¹⁴ Seinna eignaðist Ögmundur biskup Pálsson Laugaból, Horn og Skóga¹⁵ en við siðaskiptin, um 1540, sló konungur eign sinni á jarðeignir Ögmundar.¹⁶ Laugaból var æ síðan í eigu konungs¹⁷ uns jörðin var seld með tveimur kúgildum árið 1841 fyrir 599 ríkisdali.¹⁸ Í byrjun 18. aldar var landskuld af Laugabóli greidd með fiski í kaupstað en leigur af kúgildum sem jörðinni fylgdu með smjóri er færa varð heim til umboðsmannsins, Ara Þorkelssonar í Haga á Barðaströnd.¹⁹ Á árunum kringum 1700 fylgdi jörðinni enn sú kvöð að ábúendur urðu að leggja til mann í skiprúm á hverri vorvertíð á skipi umboðsmannsins „sem gekk hér við Arnarfjörð“.²⁰

Á liðnum öldum var oft tvíbylí á Laugabóli og svo var enn um síðustu aldamót.²¹ Árið 1681 bjuggu hér bændurnir Bjarni Guðmundsson og Þórður Guðmundsson²² og líklega er það sami Bjarni sem hér var enn við búskap árið 1703, orðinn 52ja ára gamall.²³ Sambýlismaður hans var þá Þorleifur Hannesson.²⁴ Hjá Þorleifi átti heima móðursystir hans, Ingibjörg Jónsdóttir, ekkja Ara Pálssonar sem brenndur var á Alþingi fyrir galdra árið 1681.²⁵ Hún hafði gefið Þorleifi frænda sínum þrjú hundruð í jörðinni Kirkjubóli hér í Mosdal²⁶ en hann fluttist síðar á Ingjaldssand (sjá Sæból).

Á Laugabóli bjuggu árið 1801 bændurnir Jón Ólafsson og Guðmundur Greipsson.²⁷ Guðmundur fluttist skömmu síðar að bænum Horni hér í dalnum²⁸ en Jón bjó á Laugabóli allt til ársins 1835 og hafði stundum alla jörðina til ábúðar.²⁹ Hann var kvæntur Ástríði Bjarnadóttur sem fædd var

¹³ Jb. Á. og P. VII, 4–5. Sóknalýs. Vestfj. II, 32.

¹⁴ D.I. IV, 684–692. Sbr. þar bls. 265 og D.I. VI, 41–43.

¹⁵ D.I. X, 109–110 og 679.

¹⁶ PEÓ 1924, 14–15. Sbr. D.I. XV, 473–545.

¹⁷ Lbs. 797^{4to}. Jarðaskrár úr Ísafjs. frá árunum 1658 og 1695. Jb. Á. og P. VII, 4. Rtk. Jarðabækur V. 16, Ísafjs. 1805.

¹⁸ JJ 1847, 435 og 440.

¹⁹ Jb. Á. og P. VII, 4–5.

²⁰ Sama heimild.

²¹ Rtk. 2. 1. Stríðshjálpin 1681. Manntöl 1703, 1762 og 1801. Jb. Á. og P. VII, 4.

²² Smt. Rafnseyrar. Bændatöl og skuldaskrár 1720–1765, Ísafjs. um 1735, eftirrit.

²³ Rtk. 2. 1. Stríðshjálpin 1681.

²⁴ Manntal 1703.

²⁵ Sama heimild.

²⁶ Manntal 1703 og nafnalykill þess. Alpb. Ísl. IX, 86 og 616. Sjá Lokinhamrar.

²⁷ Alpb. Ísl. IX, 86 og 616. Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdr. (Kph. 1993), bls. 163.

²⁸ Manntal 1801. Manntal 1703 og nafnalykill þess. Alpb. Ísl. IX, 86 og 616. Sjá Lokinhamrar.

Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdr. bls. 163.

²⁹ Manntal 1816, 680.

á Núpi í Dýrafirði.³⁰ Jón Ólafsson var bróðir Jóhannesar „galdramanns“ sem lengi bjó á Kirkjubóli hér í Mosdal og voru þeir báðir fæddir á Auðkúlu.³¹ Í manntalinu frá 1801 er Jón á Laugabóli sagður vera selaskutlari.³²

Á síðasta fjórðungi 19. aldar bjuggu um alllangt skeið á Laugabóli hjónin Bjarni Bjarnason og Jónína Jónsdóttir en þau hófu hér búskap sinn árið 1879.³³ Hann var sonur Bjarna Þorlaugarsonar sem hér er sagt frá á öðrum stað (sjá Alviðru). Bjarni Bjarnason á Laugabóli var skipstjóri, m.a. á skútunni Thjalfe frá Bíldudal og á Ingólfi frá Tálknafirði.³⁴ Vorið 1897 var Bjarni skipstjóri á Þráni frá Ísafirði, sem var 15–16 tonna þilskip, en það fórst með allri áhöfn þann 1. maí á því ári og týndi Bjarni þar lífi.³⁵ Í veðrinu sem þá geisaði fórust fimm skútur.³⁶ Sonur Bjarna og Jónínu, konu hans, var Sölvi er lengi bjó á Steinanesi,³⁷ dráttarmaður svo af bar á færufiskiríi.

Einn þeirra sem voru í skiprúmi hjá Bjarna á Laugabóli á árunum kringum 1890 var Hallbjörn Oddsson, fæddur 1867, er seinna ritaði ævisögu sína.³⁸ Hann var þá búsettur hér í fáein ár og kenndi börnum, bæði á Horni og Laugabóli.³⁹ Í ævisögunni lýsir Hallbjörn jólahaldi „á Vesturlandi“ á þessum árum og kemst þá m.a. svo að orði:⁴⁰

Á aðfangadag var saltkjötssúpa með kjöti til miðdags og um klukkan 9 kaffi með ýmiskonar brauði, svo sem hagldabrauði (kringlum), pempólísku brauði (=fransbrauð), lummum og á stórheimilum með pönnukökum. ... Á jólanóttina máttu þá engir spil taka en urðu að sætta sig við að lesa í bókum, helst guðsorð ...

Á jóladagskvöldið var víst óvíða borðaður miðdagsmatur fyrr en klukkan 6 því þá þurfti oftast langan tíma til að skammta, þó hjónin gengju í það verk bæði. Þá var karlmönnum borinn skammturinn í mjólkurtrogum og börnum og konum á stærstu diskum sem fánlegir voru. Þeir voru oftast annaðhvort úr tré frá Hornströndum eða þá úr óemaljeruðu

³⁰ Manntal 1816, 680. Smt. Rafnseyrar.

³¹ Sömu heimildir.

³² Manntal 1816, 680 og 681. Vestf. sagnir I, 198.

³³ Manntal 1801.

³⁴ Smt. Rafnseyrar.

³⁵ HO 1960, 129–140.

³⁶ GilsG 1977 III, 285–288 og V, 245.

³⁷ Sama heimild.

³⁸ Þrþjb. og smt. Rafnseyrar og Otradals.

³⁹ HO 1956, 126. Sami 1960, 129–140.

⁴⁰ HO 1960, 139.

blikki ... Jólamaturinn var hangið kjöt, skötustappa, smjör og stór rúgmjölskaka eða rúgmjölsbrauð sem kallað var jólabrauð, bakað sérstakt fyrir hvern mann ... Á jóladagskvöldið byrjaði gleðskapur jólanna fyrst að fullu með því að spila púkk sem í gátu verið sex menn í einu. Við það voru hafðar í peninga stað þorskhausakvarnir sem á vetrum var öllum safnað úr hausum þeim er rifnir voru og borðaðir á vetrinum og dyggði [sic] það ekki eða kvarnir væru ekki til voru óbrenndar kaffibaunir notaðar í þeirra stað.

Hallbjörn getur þess líka að er hann var í Mosdal hafi vinnuhjúum enn verið „vigtað út“ allt brauð og smjör á mánaðarfresti og harðfiskurinn „talinn út“ en þeim sem lakast fóru með mat aðeins skammta til einnar viku í senn.⁴¹ Vel fór á með Hallbirni og Bjarna skipstjóra á Laugabóli og þegar úthaldinu á skonnortunni Thjalfe lauk, haustið 1889, drukku þeir skilnaðarskál „í tólf gráða rommi“.⁴² Heimferð Hallbjörns varð að því sinni söguleg en hann og Jón Jónsson frá Skógum voru settir í land við Földshlein, skammt fyrir innan Hokinsdal, og höfðu sína brennivínsflöskuna hvor en mættu á leiðinni mannýgu nauti.⁴³

Annar síðasti níttjándu aldar bóndinn hér á Laugabóli var Jón Þórðarson er menn nefndu „dýralækni“⁴⁴ en hann átti sjálfur jörðina.⁴⁵ Jón var Borgfirðingur að uppruna en kom í Mosdalinn frá Ísafirði og bjó fyrst á Horni en síðan á Laugabóli.⁴⁶ Ýmsir töldu hann göldróttan og sagt var að á Laugabóli hefði hann fundið dalakút í þúfu einni.⁴⁷ Þar voru að sögn innibýrgðir voldugir andar í glerglösum og áttu þeir að vernda fjársjóðinn.⁴⁸ Voru glösin sjö og einn andi í hverju glasi.⁴⁹

Sé horft til sjávar frá hlaðinu á Laugabóli blasir Reykhóll við augum. Hann er innan við túnið og örskammt frá sjó.⁵⁰ Utar er Hjalltangi og rétt fyrir utan hann gamla lendingin á Laugabóli.⁵¹ Nesið utan við vörina heitir Laugarnes⁵² og er nær beint niður af heitu lauginni sem áður var minnst á.

Þegar Mosdælingar þurftu á presti að halda kveiktu þeir jafnan bál á

⁴¹ HO 1960,, 143–145.

⁴² Sama heimild.

⁴³ Sama heimild, bls. 140 og 145–146.

⁴⁴ Sama heimild, bls. 145–150.

⁴⁵ Vestf. ættir I, 315–319. Smt. Rafnseyrar.

⁴⁶ Manntal 1901 og fylgiskjöl.

⁴⁷ Vestf. ættir I, 315.

⁴⁸ Vestf. sagnir III, 290–291.

⁴⁹ Sama heimild.

⁵⁰ Sama heimild. Sbr. Vestf. sagnir II, 18.

⁵¹ ÖÖ.

⁵² Sama heimild.

Reykhól, ef mark má taka á gömlum sögnum.⁵³ Slík boðskipti hafa tvímælalaust hentað vel því loftlínan yfir að Rafnseyri er aðeins fjórir kílómetrar en langt að fara fyrir fjarðarbotninn. Sæi prestur reykinn kom hann yfir á báti og sjálfir fóru Mosdælingar ætíð sjóleiðis til kirkju.⁵⁴

⁵³ ÖÖ.

⁵⁴ Vestf. sagnir I, 193.